

## HUGREKKI

Ég þori að prófa, líka þegar mér  
finnst eitthvað erfitt.

## ÞRAUTSEIGJA

Ég gefst ekki upp og reyni aftur.

## UMHYGGJA

Mér er annt um aðra og sýni það.

## HJÁLPSEMI

Ég er tilbúin/n að hjálpa öðrum.

## GLEÐI

Ég sé það góða og get glatt aðra.

## FORVITNI

Mig langar að vita meira og læra  
nýja hluti.

## SKÖPUN

Ég fæ hugmyndir og bý til nýja hluti.

## LAUSNALEIT

Ég leita að leiðum til að leysa vandamál.

## HLUSTUN

Ég hlusta vel þegar aðrir tala.

## VINSEMD

Ég sýni öðrum hlýju og góðvild.

## SAMVINNA

Ég get unnið með öðrum og lagt  
mitt af mörkum.

## SANNGIRNI

Ég vil að komið sé vel og sanngjarnt  
fram við alla.

## HEIÐARLEIKI

Ég segi satt og get viðurkennt mistök.

## BJARTSÝNI

Ég trúi að hlutirnir geti gengið vel.

## ÞOLINMÆÐI

Ég get beðið og gefið hlutunum tíma.

## SJÁLFSTRAUST

Ég trúi á mig og það sem ég get.

## HUGMYNDAFLUG

Ég get ímyndað mér alls konar hluti.

## DUGNAÐUR

Ég legg mig fram og geri mitt besta.

## NÁKVÆMNI

Ég vanda mig og tek eftir smáatriðum.

## JÁKVÆÐNI

Ég reyni að beina athyglinni að því góða.

## NÁMSGLEÐI

Mér finnst gaman að læra og uppgötva  
eitthvað nýtt.

## FYRIRGEFNING

Ég get sæst við aðra og haldið áfram.

## ÁBYRGÐ

Ég tek ábyrgð á því sem ég geri.

## SJÁLFSTÆÐI

Ég get prófað sjálf/ur og treyst á eigin getu.